



UMHVERFISSTOFNUN

Skipulags- og byggingarfulltrúi
Rangárþing ytra
Suðurlandsvegur 1-3
850 Hella

Reykjavík 25. apríl 2016
UST201603-118/K.S.J.
10.04.03

Efni: Lýsing tillögu að deiliskipulagi við Strútslaug og tillaga að deiliskipulagi þjónustuhúss við baðlaugar sunnan Strútslaug í Rangárþingi ytra.

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings ytra er barst 14. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að deiliskipulagi og tillögu að deiliskipulagi þjónustuhúss við Strútslaug í Rangárþingi ytra.

Lýsing

Í lýsingu kemur fram að Strútslaug er sunnan við Torfajökul og rétt við friðland að fjallabaki í svokölluðum Hólmsárbotnum.

Náttúruminjar

Í lýsingu kemur einnig fram að svæðið þar sem væntanlegar framkvæmdir eru áætlaðar á, er svæði nr. 760 á náttúruminjaskrá, í skránni segir: „*Grænifjallgarður, V-Skaftafellssýslu. (1) Fjallgarðurinn á milli Tungnár og Eldgjár. Til norðvesturs ráða Tungná og austurmörk Friðlands að Fjallabaki. Til suðurs ræður lína úr Torfajökli austur í Svartahnúk. Til austurs og norðurs ráða norðvesturmörk svæðis nr. 706 og lína úr Gjátindi í Sveinstind og þaðan í Jökulvatn. (2) Stórbrotið og fjölbreytt landslag. Vinsælt útivistarsvæði. Æskilegt er að tengja svæðið Friðlandi að Fjallabaki.*“

Umhverfisstofnun bendir á að þar sem áætlaðar framkvæmdir eru staðsettar á náttúruminjasvæði er mikilvægt að við framkvæmdir verði forðast allt óþarfa rask.

Tillaga að deiliskipulagi þjónustuhúss við baðlaugar sunnan Strútslaugar.

Skipulagssvæðið

Í greinargerð kemur fram að Strútslaug sem er í Hólmsárbotnum er í raun heit uppspretta og rennur lækur frá henni. Einnig kemur fram að neðst í henni eru tvær laugarskálar sem líklega hafa verið gerðar með fyrirhleðslu. Fram kemur að í dag eru engin mannvirki á staðnum og er talin þörf fyrir

hreinlætisaðstöðu og búningsklefa. Í deiliskipulagstillögu kemur fram að óskað er leyfis til að byggja lítið skýli fyrir fólk til að hafa fataskipti í ásamt geymslu og salernisaðstöðu.

Fyrirhugað skýli

Í greinargerð kemur fram að áætlað er að reisa skýli sem í eru áætlaðir 2 búningsklefar, geymsla og salerni. Áætlað er að fella fyrirhugað skýli í brekku vestan við flöt er liggur suðvestan baðlaugar. Einnig kemur fram að bakstykki skýlisins er áætluð staðsteypt en framhliðin úr timbri og grasi og hliðar úr grjóti, og kemur fram að áætlað er að skýlið verði vart sjáanlegt.

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að slíkt skýli yrði að mestu afturkræft. Í tillögu að deiliskipulagi svæðisins þyrfti að koma fram hvernig gengið yrði frá framkvæmdasvæðinu ef ekki yrði þörf fyrir skýlið einhverra hluta vegna.

Einnig þyrfti að koma fram hvernig áætlað er að koma byggingarefnum á staðinn. Umhverfisstofnun minnir á að enginn akvegur liggur að ofangreindu framkvæmdasvæði og allur akstur utan vega er bannaður. Því þyrfti að fylgja, að mati stofnunarinnar, áætlun um aðflutning byggingarefna með ofangreindri áætlun um framkvæmdir.

Fráveita

Í umfjöllun um fráveitu kemur fram að fráveita verði leidd í rotþró og að frá þrónni skuli leggja siturlögn. Einnig kemur fram að ef ómögulega reynist að koma fyrir rotþró og siturlögn þá megi uppfylla skilyrði um skólphreinsun með öðrum aðferðum, s.s. þurrsalernum, safntönkum eða öðrum lausnum sem í boði eru á markaðnum. Umhverfisstofnun bendir á að ekki er fjallað um tæmingu rotþróar og hvernig er áætlað að hún fari fram, né er fjallað um hvernig rekstur og tæming er áætluð ef aðrar leiðir verða farnar varðandi fráveitu. Að mati Umhverfisstofnunar er afar mikilvægt að fram komi í skipulagsáætluninni hvernig framkvæma á rekstur og tæmingu fráveitu, hvaða leið sem farin verður.

Virðingarfyllst

Kristín S. Jónsdóttir
Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur

Björn Stefánsson
Björn Stefánsson
Sérfræðingur